

## Skjólbeltaát myndir og texti



Skjólbelti fyrir ræktun og búfé er eitt af því sem Skjólskógar vilja stuðla að. Ekki bara til þess að grasið eða kornið vaxi betur, heldur einnig til þess að búfé líði betur, það hafi skjól fyrir hrakviðrum, þurfi ekki að eyða jafn mikilli orku í það að halda á sér hita og fái þá síður kvilla eins og júgurbólgu.

Þá kemur að vandamálinu-hvenær má byrja að beita umhverfis skjólbeltin, hversu mikið og hversu lengi. Svar okkar hjá Skjólskógum hefur verið í anda stjórnmálamanna dagsins „að þetta sé nú ekki einfalt mál og þurfi að rannsaka betur“

Til þess að greiða aðeins úr flækjunni má setja fram nokkur grundvallaratriði sem skipta máli:

1. Hversu góð er beitin umhverfis beltin? Á meðan nóg annað er að bíta eru ekki líkur til þess að skepnurnar leggist á beltin sjálf en ef lítið er að hafa eru laufin auðvitað freistandi.
2. Hvaða skepnur er um að ræða. Vitað er að hross halda sér við grasið fram í lengstu lög, en sauðfé hefur meiri áhuga á fjölbreyttri fæðu og smakkar hvað sem fyrir er. Nautgripir eru þarna einhvers staðar mitt á milli.
3. Hvenær er beitt og hversu lengi. Lauf trjátegunda eru gómsætust framan af sumri og sérstaklega er hætt við að þau freisti búpenings á vorin þegar þau eru spánný áður en grös lifna almennilega. Einnig þarf að gæta þess að ekki sé beitt of lengi bæði vegna þess að þá gengur á beitina í kring og einnig vegna þess að þá fer skepnunum frekar að detta í hug að smakka á trjánum einfaldlega vegna þess að þær rekast oftár á þau.

Þessar hugleiðingar eru tilkomnar vegna þess að starfsmenn Skjólskóga hafa verið að rekast á bæði rétta og ranga beit við skjólbelti. Haustbeit líflamba á grænni há í góðu skjóli gleður skógræktarhjartað og sömuleiðis þegar kálfum er beitt við skjólbelti og haldið frá þeim með einum rafstreng. Hins vegar höfum við rekist á tvö alvarleg tilvik þar sem sauðfé hefur komist að skjólbeltum of snemma og of mikið. Skjólbeltin voru ræktuð í samstarfi við Skjólskóga en síðan breyttust forsendur svo að ekki voru gerðir samningar á þessum jörðum. Líklega munu því þessi efnilegu skjólbelti fara forgörðum á næstu árum.

Á öðrum staðnum er búið og tún nýtt til heyskapar og beitar. Þegar farið er um svæðið, vor, sumar og haust, er nánast alltaf eitthvað um fé á túninu. Skjólbeltin voru vel varin framan af og náðu góðum þroska áður en beit hófst að ráði. Fyrstu 4 myndirnar eru frá þessum stað.



Beltin eru nokkuð öflug, en opin að neðan og skörðótt vegna beitar



Eins og sjá má er vöxtur í góðu lagi og árssprotar langir. Beltin koma samt ekki nema að hálfu gagni vegna þess að þau skýlaekki niður við jörð.



...annað belti á sama stað



Alaskavíðirinn „trölli“ er lauflaus upp í ríflega 1 m hæð, en vel laufgaður þar fyrir ofan.

Hinn bærinn er í eyði og var ekki sinnt um skjólbeltin nema fyrstu 2 árin. Þau náðu sér ágætlega á strik, en síðustu 2 árin hafa girðingar brostið algerlega og fé verið á beit sumarlangt. Þar sem túnin eru ekki nýtt er mikil sína og því eru lafin á trjánum gómsætari en grasið sérstaklega á vorin og snemma sumars.



Alaskavíðirinn hefur náð sér yfir bithæð áður en girðingin brast en gulvíðirinn (Strandavíðirinn) ekki.



Tilsýndar virðist lágvaxna strandavíðibeltið steindautt....



....en þegar nær er komið sést að það er sprellifandi og hefur laufgast vel um vorið. Næstum allt grænt hefur verið étið af því.



Og svo eru örfáir runnar sem hafa náð nægilegri hæð áður en beit hófst.



Girðingin er opin og léleg og hefur fé verið á túninu sumarlangt.